

Sautjándi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn 27. apríl 2015 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:00

Mættir: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Leifur Guðjónsson, Magnús Dalberg, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi og tóbaksöluleyfi

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Eva Eðvaldsdóttir sækir um starfsleyfi vegna eigendaskipta fyrir rekstri á fótaaðgerðarstofu á Eirhömrum í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir“.
- b. Þórunn R. Ólafsdóttir f.h. Varmárskóla sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir rekstri skólaselis við Varmárskóla við Skólabraut í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla“.
- c. Helgi Ásgeirsson f.h. Garðagróðurs ehf. sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir geymslu og sölu á grænmeti að Suður Reykjum 2 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til matvælaálagi“.
- d. Haukur Geirmundsson f.h. Íþróttamiðstöðvar Seltjarnarness sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir íþróttamiðstöð og sundlaug við Suðurströnd á Seltjarnarnesi.
„Samþykkt til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir sund- og baðstaði“.
- e. Sigurður Guðmundsson f.h. Íþróttamiðstöðvarinnar að Varmá sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir íþróttamiðstöð og sundlaug við Skólabraut í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir sund- og baðstaði“.
- f. Helga Ólafsdóttir sækir um nýtt leyfi fyrir gististað í flokki II tegund sumarhús að Flekkudalsvegi 5 í Kjós.
„Samþykkt til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir heimagistingu“.
- g. Jóna Thors sækir um nýtt leyfi fyrir gististaði í flokki I tegund heimagisting að Miðbúð 5 í Kjós.
„Samþykkt til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir heimagistingu“.
- h. Þórður Ólafur Búason fh Seltjarnarnesbæjar sækir um árs framlengingu á starfsleyfi fyrir til haugsetningar á stórgrýti til sjóvarna í Norðurvík á Seltjarnarnesi
Heilbrigðisnefnd samþykkir að framlengja starfsleyfi útgefið 12. mars 2014 til 27. apríl 2016.
- i. Óskar Jósefson óskar eftir með bréfi dagsettu 31. mars 2015 að 9 leyfi sem áður voru skráð á Ístak hf verði flutt á Ístak Ísland ehf. þar sem fyrirtækið hefur tekið yfir reksturinn.
Samþykkt að gefa út ný leyfi til 12 ára fyrir eftirtalda starfsemi. Trésmíðaverkstæði, steypueiningaframleiðslu, járnsmíðju, bifreiðaverkstæði, starfsmannabúðir, mótuneyti, geymslusvæði og sandblástur.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Framkvæmdastjóra falið að vinna starfsleyfi vegna frágangs á námu á Leirvogstungumelum.

Umsagnir fyrir veitinga og gististaði.

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 27. mars 2015 þar sem óskað var umsagnar um umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund samkomusalur, í Félagsgarði í Kjós. Jákvað umsögn með skilyrðum heilbrigðiseftirlits var send með bréfi þann 9. apríl 2015.
„Staðfest.“
- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 10. mars 2015 þar sem óskað var umsagnar um umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, tegund sumarhús, að Flekkudalsvegi 5 í Kjós. Jákvað umsögn með skilyrðum heilbrigðiseftirlits var send með bréfi þann 14. apríl 2015.
„Staðfest.“
- c. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 30. mars 2015 þar sem óskað var umsagnar um umsókn um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir gististað í flokki I, tegund heimagisting, að Bæjarási 5 í Mosfellsbæ. Jákvað umsögn með skilyrðum heilbrigðiseftirlits var send með bréfi þann 9. apríl 2015.
„Staðfest.“
- d. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 10. apríl 2015 þar sem óskað var umsagnar um umsókn um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir gististað í flokki I, tegund heimagisting, að Miðbúð 5 í Kjós. Jákvað umsögn með skilyrðum heilbrigðiseftirlits var send með bréfi þann 27. apríl 2015.
„Staðfest.“

2. Breyting á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Ofangreind breyting á gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins er lögð fram að nýju þar sem aðildarsveitarfélög hafa nú samþykkt tillöguna.

„Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að auglýsa breytinguna á gjaldskránni í Stjórnartíðindum.“

3. Samþykkt um hæsnahald í Mosfellsbæ.

Ofangreind samþykkt var lögð fram eftir að breytingar hafa verið gerðar í samráði við lögfræðing Mosfellsbæjar.

„Heilbrigðisnefnd vísar samþykktinni til Mosfellsbæjar til lokaafgreiðslu.“

4. Endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu – Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins.

Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dagsett 2. mars 2015 þar sem greint er frá afgreiðslu stýrihóps um vatnsvernd þann 20. febrúar 2015, um að afgreiða endurskoðaða samþykkt um vatnsverndarsvæði vatnsbóla og afmörkun vatnsverndarsvæða á höfuðborgarsvæðinu til sveitarstjórna til samþykktar. Til þess að sveitarstjórnir geti afgreitt erindið í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þarf afgreiðsla heilbrigðisnefndar að liggja fyrir. Einnig lögð fram; 1) Greinargerð um einstakar greinar samþykktarinnar samin af Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins, 2) Greinargerð um vatnsvernd heildarendurskoðun tekin saman af verkfræðstofunni Vatnaskil, 3) Vatnsvernd uppdráttur, 4) skjal með athugasemdum við uppdrætti ásamt skjali sem inniheldur viðbrögð við athugasemdum.

„Frestað til næsta fundar“.

5. Fráveitumál á Seltjarnarnesi.

Lagt fram minnisblað VSÓ Ráðgjafar um fráveitu Seltjarnarness dagsett 23. janúar 2015 þar sem fram kemur að lokaáfangi fráveitumála á Seltjarnarnesi byggingu dælustöðvar við Tjarnarstíg hafi tafist vegna skipulagsmála. Fram kemur að verkhönnun sé í öllum grundvallaratriðum í samræmi við fyrirbyggjandi forhönnun og áætlanir. Í fullbyggðu kerfi er öllu skólpi veitt að kerfi Orkuveitu Reykjavíkur sem sér um meðhöndlun þess í framhaldinu.

„Minnisblaðið var kynnt“

6. Önnur mál.

a. Lögð fram skýrsla MAST Gæði neysluvatns á Íslandi 2002-2012.

b. Umgengni í þéttbýli, úrræði heilbrigðiseftirlits. Framkvæmdastjóri kynnti málið.

Fundi var slitið kl. 18:55